

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Jóhanni Páli Jóhannssyni um vaxtabætur.

1. Hve mörg heimili njóta góðs af 50% hækkun á eignarskerðingarmörkum vaxtabóta árið 2023 sem samþykkt var á Alþingi 16. desember síðastliðinn? Óskað er sundurliðunar niður á einstaklinga, einstæða foreldra og hjón eða sambúðarfólk.
2. Hve mörg heimili sem nutu vaxtabóta árið 2022 hefðu ekki notið neinna vaxtabóta árið 2023 ef eignarskerðingarmörkin hefðu ekki verið hækkuð?
3. Hver er kostnaður ríkissjóðs vegna breytingarinnar?
4. Hvernig dreifist þessi aukni stuðningur niður á tekjutíundir?
5. Hvernig dreifist þessi aukni stuðningur niður á eignatíundir?
6. Hvernig dreifist þessi aukni stuðningur eftir aldri?
7. Hver er meðaláhati heimila sem fá vaxtabætur árið 2023 af hækkun eignarskerðingarmarkanna?
8. Hver voru árleg útgjöld ríkisins vegna vaxtabóta á tímabilinu 2000–2022 á föstu verðlagi?

Þann 1. janúar síðastliðinn voru eignarskerðingarmörk hækkuð um 50% og kemur sú breyting til framkvæmda við ákvörðun á greiðslu vaxtabóta og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2023 vegna tekjuársins 2022. Skerðingarfjárhæðir að frádregnum skuldum fóru úr 5 millj. kr. í 7,5 millj. kr. hjá einstaklingum og úr 8 millj. kr. í 12 millj. kr. hjá sambýlisfólki.

Álagning opinberra gjalda á einstaklinga fyrir tekjuárið 2022, þ.m.t. ákvörðun vaxtabóta, liggur ekki fyrir fyrr en 31. maí nk. Eðli málsins samkvæmt er ekki hægt að verða við því að veita svar við fyrirspurninni fyrr en álagningin hefur farið fram.